

Norðurá bs.  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 20. desember 2022  
UST202202-317/G.S.O.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 25. nóvember 2022 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti á urðunarstað Norðurár bs., Stekkjarvík. Þann 16. desember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### **Frávikin eru eftirfarandi:**

1. Gr. 5.5 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí sl. **Útstreymisbókhaldi var skilað í maí og frávikinu því lokað með bréfi 25. nóvember.**
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Skráningum á umhverfis- og rekstrarþáttum sem tilgreindir eru í gr. 5.1, hefur ekki verið skilað að öllu leyti. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur rekstraraðili hafið vinnu við að breyta skráningum hjá sér og safna þeim saman í samræmi við tilgreindar upplýsingar. Áætluð verklok eru 1. maí 2023.**

### **Eitt eldra frávik var útistandandi:**

1. Rekstraraðili hefur unnið eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik sem varðar hreinsun sigvatns og kom fram í eftirliti ársins 2019. Samþykkt úrbótaáætlun dags. 6. janúar 2021 gerði ráð fyrir að úrbótum yrði lokið fyrir 30. júní 2021. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila eru fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun urðunarhólfsins. Samhliða þeirra stækkun er gert ráð fyrir að hreinsivirki verði stækkað og sú hönnun og framkvæmd verði unnin samhliða stækkun hólfsins. Gert er ráð fyrir að endurgert hreinsivirki verði tilbúið og hægt að taka þar sýni eigi síðar en 1. maí 2024.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur